Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1948
komudagur 1.4.2008

Alþingi nefndasvið
Þórunn María Bjarkadóttir, nefndarritari
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 31.03.2008

**Umsagnir um tvö frumvörp til laga, mál nr. 463 og 464**

Landspítala hafa borist tvö bréf heilbrigðisnefndar Alþingis dags. 14. þ.m. um mál nr. 463 og 464 um læknaráð og breytingu á lyfjalögum.

Um mál 463.
Löngu er tímabært að fella úr gildi lög 19/1942 um læknaráð. Aðstæður í íslensku samfélagi voru allt aðrar þegar lögin voru samþykkt og löngu tímabært að afnema þessi lög. Mælt er með samþykki frumvarpsins.

Um mál 464.
Um er að ræða breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994. Sérfræðingar LSH á þessu sviði hafa skoðað frumvarpið auk þess sem lyfjanefnd hefur fallað um það.
Það er einróma álit LSH að samþykkja beri mál 464. Bent er á að í 9. gr. frumvarpsins er tvítekning í texta 1. ml. og 3. ml. Að þessu þarf að huga.

Samkvæmt framanrituðu mælir LSH með framgangi mála 463 og 464.

Virðingarfyllst

Magnús Pétursson, forstjóri